

Héraðsdómur Reykjaness

Dómur 7. mars 2025

Mál nr. E-649/2022:

Noah Siegel

(Hlynur Halldórsson lögmaður)

gegn

Páll G Jónsson

(Páll Kristjánsson lögmaður)

Dómur

Með stefnu birtri þann 21. mars 2022 höfðaði Noah Siegel, [...], Bandaríkjum, Norður Ameríku, mál á hendur Páli G. Jónssyni, kt. [...], [...], 200 Kópavogi, til staðfestingar á riftun lausafjárkaupa, kröfu um endurgreiðslu kaupverðs gegn skilum á lausafjármunum og til greiðslu málskostnaðar.

Dómkröfur stefnanda eru: Að staðfest verði riftun á kaupsamningi hans og stefnda, dagsettum 12. nóvember 2012, um eitt skákborð, tvö hliðarborð, eitt sett af Staunton-taflmönum, eina Garde-skákklukku og eitt áritað tréborð, sem beint var til stefnda með yfirlýsingu, dagsettri 27. janúar 2022.

Að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda 189.980 bandaríkjadollara (USD) með vöxtum skv. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 12. nóvember 2012 til 27. febrúar 2022 en með dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, gegn skilum stefnanda á einu skákborði, tveimur hliðarborðum, einu setti af Staunton-taflmönum, einni Garde-skákklukku og einu árituðu tréborði til stefnda. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnda.

Stefndi krefst þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda. Til vara krefst stefndi þess að fjárfrafa stefnanda verði lækkuð verulega. Þá er krafist málskostnaðar úr hendi stefnanda.

Mál þetta var upphaflega dæmt þann 2. júní 2023 en var heimvísað með dómi Landsréttar þann 17. október 2024 til munnlegs málflutnings og dómsálagningar á ný.

Fór aðalmeðferð málsins fram þann 25. febrúar sl. og var málið dómtekið að henni lokinni.

Í dóminum er fjallað um taflborðið „orginal“ sem hið eiginlega tréborð sem einvígið var háð á en einnig sem taflplötuna. Um muhluna í heild er fjallað sem skákborðið.

Málavextir.

Á árinu 1972 var haldið einvígi milli Boris Spasskys og Bobby Fischers í skák í Laugardalshöllinni í Reykjavík. Var alls tefld 21 skák. Óumdeilt er að fyrsta skákin fór fram 11. júlí 1972 og var tefld á steinborði sem fellt var inn í sérstakt borð sem hannað var af Gunnari Magnússyni arkitekt í tilefni viðburðarins, en hann hannaði tvö sérstök borð þar sem hægt var að fella inn í sérstaka taflplötu. Var Fischer óánægður með steinplötuna sem fyrsta skákin var tefld á og var því ákveðið að gera skákplötu úr viði en Fischer mætti ekki til að tefla aðra skákina sem hann af þeim sökum tapaði. Þriðja skákin var tefld á tréborði í borðtennisherbergi í Laugardalshöllinni. Hafði tréborðið verið sett ofan á, að því er virtist, venjulegt eldhúsborð en Staunton-taflmenn og Garde-skákklukkan voru notuð. Skákir 4–6 voru síðan tefldar á steinborðinu sem var innfellt í það borð er Gunnar Magnússon hafi hannað fyrir viðburðinn. Kemur fram í gögnum málsins að smíðuð hafi verið tvö borð eftir Gunnar. Skákir 7–21 voru síðan tefldar á tréborðinu sem notað var í þriðju skákinni en það hafði þá verið fellt niður í borð Gunnars Magnússonar í stað steinplötunnar sem fyrsta skákin var tefld á. Stefndi heldur því hins vegar fram að það sé rangt. Smíðaðar hafi verið nokkrar tréplötur og hafi ein þeirra verið valin til að tefla skákir 7–21 á.

Í bók Freysteins Jóhannssonar og Friðriks Ólafssonar, Fischer gegn Spassky, sem gefin var út í október 1973, segir að Fischer hafi verið óánægður með fyrsta skákborðið og honum sagt að fleiri steinborð væru í smíðum. Hann hafi krafist þess að hann fengi einnig að athuga nokkur tréborð og hafi verið ákveðið að láta smíða fjögur slík til viðbótar. Alls hafi verið smíðuð 19 taflborð til einvígisins, fyrst fjögur steinborð, þá fimm tréborð og loks 10 tréborð til viðbótar. Af öllum þessum fjölda hafi Spassky og Fischer teflt á aðeins tveimur borðum, steinborði, sem nú sé geymt á Þjóðminjasafni Íslands, og tréborði. Eftir einvígið hafi þeir áritað 12 tréborð.

Óumdeilt er að fjárskortur var mikill hjá Skáksambandi Íslands (S.Í.) sem átti bæði borðin eftir Gunnar. Kemur fram í fundargerð frá 29. júlí 1974 að þeim Þrání Guðmundssyni og Guðbirni Sigurmundssyni hefði verið falið að athuga hvað gera skyldi við tvö skákborð sem S.Í. ætti. Rætt hafi verið við Gunnar Magnússon og uppkast gert að samningi um smíði tveggja einvígisskákborða, þ.e. af sömu gerð og voru notuð af

Fischer og Spassky, en að Sverrir Kristinsson hefði einkarétt á að annast sölu borðanna. Átti síðan að skipta ágóðanum til helminga milli S.Í. annars vegar og Guðbjörns og Sverris hins vegar.

Í gögnum málsins liggur fyrir samningur milli S.Í. og Sverris Kristinssonar, dagsettur 24. september 1975, þar sem Sverrir afhendir S.Í. endurgjaldslaust annað þeirra tveggja skákborða, ásamt tveimur hliðarborðum, sem hann og Gunnar Magnússon hafa látið smíða. Borðinu fylgir önnur borðplatan sem S.Í. lagði fram vegna smíði borðanna, sbr. 2. gr. samnings dagsetts 31. júlí 1972. Í 3. gr. samningsins segir að við undirritun hans eignist Sverrir hitt skákborðið ásamt tveimur hliðarborðum og með borðplötu, sbr. 2. gr. áðurnefnds samnings, og hefur Sverrir fullan ráðstöfunar- og sölurétt á sínu skákborði án nokkurrar greiðslu til S.Í. Í frétt Vikuspegilsins frá 13. maí 2012 segir í grein Péturs Blöndals vegna uppboðsins hjá Bruun Rasmussen að nokkrir af þeim munum sem boðnir verði upp tengist einvígi aldarinnar á milli þeirra Fischers og Spasskys og þar standi hnífurinn í kúnni. Ástæðan fyrir því að uppboðið valdi áhyggjum innan skákhreyfingarinnar sé að þetta sé í annað skipti á fáum árum sem munir séu boðnir upp sem sagðir eru tengjast einvíginu með beinum hætti. Fyrst hafi Guðmundur G. Þórarinsson, fyrrverandi forseti S.Í., selt taflmenn, sem munu hafa verið notaðir í þriðju skákinni, ásamt áritaðri skákplötu á uppboði í New York á tæpar 8 milljónir króna en S.Í. hafði fært honum þá í afmælisgjöf árið 1972. Þá segir að hærri upphæðir séu í húfi að þessu sinni, enda seld skákplata sem sögð er hafa verið notuð í 7.–21. einvígisskákinni og sérsníðað skákborð eða umgjörð um hana sem sé nákvæm eftirlíking af því sem notað var í einvíginu. Þá séu seldir Staunton-taflmenn sem sagðir eru varasett úr sjálfu einvíginu og Garde-skákklukka sem upphaflega var sögð tengjast því en það hafi verið leiðrétt hjá uppboðshaldaranum enda sé hún fengin síðar hjá S.Í. Að sögn Páls sé um að kenna misskilningi hjá uppboðshaldaranum. Saman séu taflmunirnir metnir á 27–40 milljónir króna. Þá segir að önnur ástæða sé fyrir því að kurr hafi verið innan skákhreyfingarinnar vegna uppboðsins. Ekki séu allir sannfærðir um að taflborðið hafi í raun verið notað í einvíginu, viti ekki hvernig sölu og varðveislu á mununum var háttað í kjölfar einvígisins og kortleggja þurfi hvar þeir séu niður komnir. Önnur ástæða fyrir því að kurr hafi verið innan skákhreyfingarinnar vegna uppboðsins sé að ekki séu allir sannfærðir um að taflborðið hafi í raun verið notuð í einvíginu eða að taflmennirnir hafi verið varasett. Páll G. Jónsson, stefndi í þessu máli, hafi lýst því yfir að þeir hafi fylgt

borðinu frá upphafi en aðrir segja að það sanni ekkert til eða frá um hvort þeir tengist einvíginu í raun.

Í sömu grein segir að þá hafi Ásdís Bragadóttir, framkvæmdastjóri S.Í., sagt sinn skilning ætíð hafa verið þann að taflborðið, sem notað var í 7. til 21. einvígisskákarnnar og líklega þeirri þriðju líka, væri í vörslu S.Í. Þráinn Guðmundsson, fyrrverandi forseti S.Í., hafi komið með áritað taflborð, sem hann hafði fengið gefins eins og fleiri, og viljað skila því. Um leið sagði hann að borðið sem notað hefði verið í einvíginu væri niðri í S.Í. og væri ekki áritað. Það borð sé aðeins frábrugðið þeim sem voru gefin, sléttara og annar viður í því, þannig að Ásdís hefði haldið að hægt væri að sjá þetta á gömlum myndum. Á móti sé því teft fram að í skjölum, sem Sverrir Kristinsson fasteignasali hafi undir höndum, og komi skýrt fram að taflborðið sem notað var í einvíginu hafi átt að fylgja skákborðunum þegar átti að selja þau í fjáröflunarskyni fyrir S.Í. á sínum tíma, en þá varð niðurstaðan sú að Páll keypti borðin. Ljóst sé að í þeim bréfaskrifnum, þar á meðal til Íranskeisara, hafi taflborðin úr einvíginu verið sögð árituð af Fischer og Spassky. Jafnframt liggja fyrir skjalfest að sölufarlið var í beinu samráði við Þráin og það komi heim og saman við orð Páls sem segist ætíð hafa staðið í þeirri trú og aldrei haft ástæðu til að ætla annað en að hann hafi keypt taflplötuna úr einvíginu.

Fyrir dóminum kom fram að stefndi hefði keypt tvö taflborð af Sverri Kristinssyni aðallega í því skyni að bjarga fjárhag S.Í. Ljósmynd sem virðist tekin í lok einvígisins liggur fyrir í málinu og sést þar að nokkrir taflmenn eru á skákborðinu. Má sjá á ljósmyndinni að æðar í dökku reitum skákborðsins liggja upp og niður frá skákmanninum séð en ekki frá hægri til vinstri eða öfugt.

Líklega á árinu 2012 ritar Einar S. Einarsson, fyrrverandi forseti og gjaldkeri S.Í., bréf sem ber heitið „Í þá gömlu góðu daga þegar skák komst í fyrirsagnir á alþjóðavísu. Stutt umfjöllun um aðdraganda uppboðsins hjá B-R í Kaupmannahöfn.“ Segir m.a. í bréfinu að á meðan mótið hafi staðið yfir hafi í heild verið smíðuð 15 taflborð, öll úr viði fyrir utan steinborðin fjögur. Þó svo að flest þessara taflborða hafi verið smíðuð með það í huga að bjóða þau til sölu hafi mörg þeirra verið gefin áhugasömum stjórnarmönnum og öðrum sjálfboðaliðum sem unnið höfðu hörðum höndum að því að mótið gæti farið fram, til viðurkenningar á framlagi þeirra. Þá segir m.a.: „Ákveðið var að láta smíða tvö skákborð eftir hönnun G. Magnússonar á borðinu frá hinu rómaða heimsmeistaramóti, sem Skáksambandið hafði gefið Þjóðminjasafninu. Ætlunin var að selja borðin hæstbjóðanda fyrir háar upphæðir í fjáröflunarskyni. Sú tillaga kom frá Hr. S.

Kristinssyni, umsjónarmanni fasteigna, sem fjármagnaði verkið. Hann réðst af krafti í markaðssetningu borðanna og Skáksambandið átti að leggja til vottorð til staðfestingar á því að Fischer og Spassky hefðu teft á öðru taflborðanna sem felld voru inn í borðin, sem er sannleikanum samkvæmt og viðurkennd staðreynd.“ Þá segir enn fremur: „Síðar steig fram á sviðið Hr. P. Jónsson, íslenskur kaupsýslumaður, sem til að aðstoða Skáksambandið fjárhagslega keypti báðar samstæðurnar fyrir hæfilega háa fjárhæð. Aðra, þá með verðmæta taflborðinu sem notað var fyrir skákir 7–21, keypti hann af Hr. Kristinssyni, umsjónarmanni fasteigna, sem hafði fjármagnað verkið. Hina keypti hann milliliðalaust af Skáksambandinu. Sú samstæða hafði áður verið boðin sem aðalvinningur í hlutaveltu sem haldin var í tilefni 50 ára afmælis Skáksambandsins 1975, en Skáksambandinu til gæfu gekk hún ekki út.“ Var bréfitari gjaldkeri sambandsins það árið.

Í gögnum málsins er skjal af uppboðssíðu Bruun Rasmussen frá 14. júní 2012. Í því skjali er lýsing á einvíginu. Segir þar að um sé að ræða skáksett sem innihaldi borð, taflplötu, taflmenn og klukku. Borð, hliðarborð og taflborð séu úr mahóní, rósaviði og birki. Taflborðið, viðartaflplata, hafi verið valið af fulltrúum keppendanna tveggja og stórmeistararnir sjálfir fallist á að hún skyldi leysa af hólmi steintaflplötuna sem fyrst var notuð. Var hún notuð frá 7. umferð og áfram til 21. umferðar, árituð af Fischer og Spassky. Platan sé smíðuð úr rósaviði og birki af Ragnari Haraldssyni húsgagnasmíðameistara.

Skákborðið sé hannað af Gunnari Magnússyni og smíðað af Ragnari Haraldssyni húsgagnasmíðameistara 1974. Tvö borð séu til viðbótar, nákvæmlega eins og upphaflega borðið sem notað var í einvíginu, og hafi verið smíðuð eftir einvígið. Skákborðið sem boðið verði upp sé annað tveggja upprunalegra eftirlíkinga frá árinu 1974 og hafi verið notað í einvígi þeirra Boris Spasskys og Vlastimil Horts í undankeppni fyrir heimsmeistarakeppnina í Reykjavík árið 1974. Hliðarborð séu smíðuð úr mahóní. Taflmenn, upprunalegt samtímasett af Staunton-taflmönnum, varasett frá einvíginu árið 1972. Skákklukka, Garde-skákklukka af sömu gerð og notuð var í einvíginu. Þá segir m.a. í skjalinu að taflplatan, sem nú sé boðin upp, hafi leyst af hólmi steintaflplötuna sem hafi fyrst verið notuð í einvíginu. Þá segir einnig að Fischer hafi samþykkt að tefla þriðju skákina í bakherbergi án myndavéla og áhorfenda. Síðar í einvíginu hafi upphaflegu steintaflplötunni verið skipt út fyrir þessa viðartaflplötu sem boðin sé upp og smíðuð af Ragnari Haraldssyni. Skákirnar í 7.–21. umferð hafi því verið tefldar á þessari plötu. Eftir

einvígið hafi taflplatan sem boðin sé upp verið árituð af keppendunum tveimur, Bobby Fischer og Boris Spassky. Auk þessa er tekið fram að núverandi eigandi hafi keypt borðið, plötuna og taflmennina árið 1976. Áætlað virði er tiltekið 1.200.000 til 1.800.000 krónur. Borðið seldist ekki á uppboðinu.

Bréf frá 5. nóvember 1974 til Lothar Schmid frá Sverri Kristinssyni liggur fyrir. Þar segir m.a.: „Þannig vill til að ég á bráðlega von á tveimur taflborðum sem að mínu áliti megi bæði teljast áhugaverð og sérstök af fleiri en einni ástæðu. Eins og þú veist betur en fólk flest þá vakti taflborðið og borðið sem notað var á Heimsmeistaramótinu í skák 1972 í Reykjavík mikla athygli. Ég hef nú samið við Skáksamband Íslands og arkitektinn sem hannaði upprunalega skákborðið, Hr. Gunnar Magnússon, um að fá leyfi til að fá sama húsgagnasmið hér í Reykjavík til að smíða úr nákvæmlega sama efniviði tvær nákvæmar eftirlíkingar eftir upprunalegri hönnun borðsins og hliðarborðanna sem Bobby Fischer og Boris Spassky notuðu í viðureign sinni hér. Taflborðin sem slík, sem verða felld inn í borð, bera eiginhandaráritanir Bobby Fischers og Boris Spasskys, sem tefldu á öðru þeirra á heimsmeistaramótinu.“ Kemur einnig fram í bréfinu að Sverri hafi verið veittur einkaréttur til að selja þessi tvö skákborð ásamt hliðarborðunum sem fylgi.

Bréf frá 12. nóvember 1974, stílað á sendiherra Írans frá Sverri Kristinssyni, liggur fyrir en keisari Írans hafði lýst yfir áhuga sínum á taflborðinu. Segir m.a. í bréfinu að þegar heimsmeistaramótið hafi verið haldið í Reykjavík 1972 hafi skákborð verið hannað sérstaklega fyrir þann viðburð. Segir að taflborð úr steini hafi verið felld inn í borðið en það sé nú á Þjóðminjasafni Íslands. Arkitektinn og S.Í. hafi nú veitt leyfi fyrir gerð tveggja nákvæmra eftirlíkinga af upprunalega skákborðinu og hliðarborðunum, úr nákvæmlega sama efnivið og smíðuð af sama húsgagnasmið sem gerði fyrsta borðið. Sjálf taflborðin sem voru felld inn í borðin séu bæði úr víði og beri eiginhandaráritun Bobby Fischers og Boris Spasskys sem hafi teflt á öðru þeirra á heimsmeistaramótinu. Þá kemur fram að því verði einungis þrjú slík skákborð til í veröldinni; það sem nú sé í vörslu Þjóðminjasafns Íslands og eftirlíkingarnar tvær sem hér um ræði. Borðunum muni fylgja vottorð þar sem þetta komi fram, með vottun frá íslenskum yfirvöldum. Eiginhandaráritanir skákmeistaranna tveggja séu einnig, eins og ljóst megi vera, besta vottunin þar sem þeir hafi áritað taflborðin meðan mótið fór fram. Þessir munir eigi því eftir að teljast ekta og verðmætir minjagripir um þennan eftirminnilega heimsviðburð er fram líði stundir.

Í frétt Morgunblaðsins þann 30. apríl 2012 er greint frá því að smíðuð hafi verið þrjú sett af skákborðum á sínum tíma og hliðarborðum eftir teikningum Gunnars Magnússonar húsgagnaarkitekts. Eitt hafi verið notað á sviði Laugardalshallarinnar og sé nú í eigu Þjóðminjasafns Íslands. Hin tvö hafi verið smíðuð eftir einvígið og voru upphaflega í eigu S.Í. Páll G. Jónsson forstjóri hafi síðar eignast bæði borðin. „Borðið sem nú verður boðið upp var meðal annars notað í einvígi þeirra Borisar Spassky og Vlastimils Hort í Reykjavík 1977.“

Þann 3. maí 2012 skrifaði Guðmundur G. Þórarinsson grein í Morgunblaðið vegna sölu á taflmunum frá einviginu. Þar segir m.a.: „Í bók Þráins Guðmundssonar um sögu Skáksambandsins segir að borðunum átti að fylgja taflplatan, viðarplata, sem síðari hluti einvígisins var tefldur á. Hann segir þar að tilraunir Skáksambandsins að selja borðin erlendis hafi ekki borið árangur en þau voru meðal annars boðin Íranskeisara og háttsettum mönnum hjá Alþjóðaskáksambandinu. ... Að lokum keypti Páll G. Jónsson bæði borðin með taflplötum, viðarplötum sem áritaðar voru af Fischer og Spassky, ásamt hliðarborðum, taflmönnum og klukku sem voru sömu gerðar og notað var í einviginu. Páll styrkti þannig fjárhag sambandsins og hefur nú átt þessa hluti í nærfellt fjörutíu ár.“ Þá segir enn fremur: „Af bók Þráins og undirrituðum skjölum sem Sverrir hefur undir höndum má ráða að Páll hafi keypt taflplötuna sem 7.–21. skákin var tefld á. Þessi fjárvana áhugamannasamtök, Skáksambandið, seldu þennan grip fyrir nær 40 árum í fjáröflunarskyni og freistuðu þess að selja hann úr landi.“

Þann 10. maí 2012 skrifaði stefndi grein í Morgunblaðið vegna fréttar á RÚV nokkrum dögum áður. Rekur hann sögu skákborðanna í greininni og segir m.a.: „Árið 1974 ákvað Skáksamband Íslands að láta smíða tvær frumefstirgerðir af upphaflega borðinu í samráði við Gunnar, nákvæmlega eins í alla staði og úr sama viði. Þetta var gert til fjáröflunar fyrir Skáksambandið sem ekki var vanþörf á. // Þessi borð voru síðan boðin til sölu með taflplötum úr viði, árituðum af báðum keppendum og þar með þeirri plötu, sem notuð var í flestum skákum einvígisins. // Borðin voru boðin, m.a. vítt og breitt erlendis, en ekki tókst að selja á þeim tíma. Þetta ferli endaði síðan á því að ég keypti bæði borðin árið 1976. // Þau hafa síðan verið í minni vörslu og aðeins notuð til sýninga á ýmsum viðburðum, auk þess sem borð var lánað í einvígi Horts og Spassky 1977.“

Stefnandi sendi tölvupóst til Bruun Rasmussen þann 7. nóvember 2012 og kvaðst hafa áhuga á uppboðsmunum og spyr hvort þeir séu seldir. Þá hafi hann áhuga á að

komast í samband við eigandann. Þann 16. nóvember sama ár svarar Niels Raben hjá Bruun Rasmussen og segir að skáksettið hafi ekki selst og sé í umráðum eiganda þeirra. Í tölvupósti frá stefnanda til stefnda þann 8. nóvember 2012 kl. 8:11 og aftur kl. 13:12 frá stefnda til stefnanda segir að Einar S. Einarsson hafi beðið stefnda um að hafa samband við stefnanda varðandi áhuga á skákborðinu. Segir stefndi að borðin séu í hans eigu og þau séu mögulega til sölu. Sama dag kl. 14:11 svarar stefnandi stefnda og segir að hann sé mjög ánægður með að hafa fundið borðið/settið. Hann hafi haft samband við Bruun Rasmussen uppboðshúsið til að athuga hvort borðið hefði verið selt en hann búist við því að það hafi orðið eftir hjá stefnda á Íslandi. Kveðst stefnandi tefla af miklu kappi og búi hann og starfi í New York og hafi margsinnis komið til Íslands. Hann spyr hvort stefndi sé með bæði borðið og settið eins og sýnt sé á heimasíðu Bruun Rasmussen. Þá segir hann enn fremur að hann vilji ræða frekar við stefnda og ræða möguleikann á kaupum. Gefur hann stefnda upp símanúmer sitt. Stefndi svarar þessum tölvupósti stefnanda síðar sama dag og segir að gaman sé að stefnandi hafi komið til Íslands og gefur stefnanda upp símanúmer sitt á Íslandi. Kveðst hann vera með allt settið eins og sýnt sé. Ákveðið hafi verið að hætta við og samþykkja ekki tilboð upp á 850.000 danskar krónur. Í kjölfar hafi settið komið aftur til Íslands. Í tölvupósti frá stefnanda til stefnda þann 10. nóvember 2012 gerði stefnandi stefnda tilboð í pakkann í heild þar sem hann taldi upp ýmislegt sem tengdist einvíginu, svo sem veggspjöld, ljósmyndir, frímerki og annað frá einvíginu. Segir stefnandi m.a. að hann myndi vilja hafa þetta sem hluta af pakkanum og myndi virkilega fullkomna sýninguna og gera alla útstillinguna heillegri. Bauð stefnandi stefnda 185.000 USD í pakkann. Síðar sama dag svaraði stefndi stefnanda og þakkaði honum fyrir og kvaðst verða í bandi við hann daginn eftir eða á mánudeginum með ítarlegt svar. Ræddi hann fyrirkomulag afhendingar og sendingar til New York.

Í tölvupósti frá stefnanda til stefnda þann 13. nóvember 2012 kemur fram fyrirkomulag sendingarinnar til stefnda, auk þess sem þeir munir sem séu seldir séu eitt skákborð, tvö hliðarborð, eitt sett af Staunton-taflsetti, ein Garde-skákklukka og ein árituð taflplata sem notuð hafi verið í einvígi þeirra Bobby Fischers og Boris Spasskys árið 1972 í 7.–21. skák viðureignarinnar. Þá eru ýmsir aukahlutir taldir upp sem stefndi lét fylgja í sölunni. Þá segir enn fremur að seljandi vinni að framleiðslu taflplatna með áprentuðum áritunum keppendanna sem verði seldar sem minjagripir. Í tölvupósti frá Jóhanni Bogasyni til stefnda o.fl. þann 15. nóvember 2014 segir að þeir séu að undirbúa að senda skákborðið sem Fischer og Spassky tefldu á fyrir mörgum árum hérna á Íslandi.

Er svo óskað eftir aðstoð við móttöku borðsins. Reikningur er sendur til stefnanda með tölvupósti 26. og 27. nóvember 2012 þar sem tekið er fram að það sé skákborðsett úr einvígi Fischer/Spassky á Íslandi 1972, sem samanstandi af aðalskákborði með taflplötu sem árituð sé af Fischer og Spassky, tveimur hliðarborðum, einu setti af Staunton-taflmönnum frá 1972 og einni Garde-skákklukku. Kaupverðið sé 185.000 USD FOB frá Reykjavík. Enn eru aðilar í samskiptum þann 7. desember 2012.

Í Morgunblaðinu þann 9. júlí 2022 er birt grein sem ber heitið „Réttu borðið loksins fundið“. Á heimasíðu uppboðshaldarans Bruun Rasmussen frá 4. desember 2014 segir að þann dag kl. 17 í Kaupmannahöfn muni taflplatan o.fl. sem notað var í hinu sögufræga einvígi Boris Spasskys og Bobby Fischers árið 1972 verða boðin upp. Segir í texta undir ljósmynd af árituðu taflborði að taflplatan hafi verið notuð í 7.–21. umferð. Má glögglega sjá á ljósmyndinni að æðar viðarins í dökku reitum taflborðsins liggja þversum á skákmanninn. Tvær ljósmyndir liggja fyrir í málinu af stefnanda teknar 2014 á skákmóti í Reykjavík, auk þess sem skjáskot frá 14. október 2014 liggur fyrir þar sem stefnandi er sagður í 1. sæti þann dag og stefndi í 2.–4. sæti hjá Taflfélagi Reykjavíkur. Taflborðið var sett á uppboð hjá Heritage Auctions í nóvember 2016 af stefnanda. Seldist það ekki skv. tölvupósti þann 21. nóvember 2016 frá uppboðshaldara til stefnanda.

Á heimasíðu uppboðshaldara er ljósmynd af taflborðinu og sést áritun Spasskys og Fischers á skákborðinu. Á þeirri ljósmynd sést að æðar í dökkum reitum skákborðsins liggja þvert á skákmanninn. Á heimasíðu Mirror frá 16. nóvember 2016 segir m.a. um sölu á skákborðinu sem Spassky og Fischer tefldu á að búist sé við að það seljist á 250.000 pund eða 300.000 dollara. Á heimasíðunni er ljósmynd af taflborði og segir þar að það sé taflborðið sem notað hafi verið fyrir 15 skákir af 21 skák. Af ljósmyndinni má sjá að æðar í dökka viðnum í taflborðinu liggja þversum, séð frá skákmanninum. Þá segir að báðir skákmenn hafi áritað plötuna. Í gögnum málsins liggur fyrir ljósmynd í svarthvítum lit þar sem blaðamaður situr við skákborð og er sögð tekin nóttina eftir síðustu skák Fischers og Spasskys. Er taflmönnum raðað á borðið eins og lokaskák þeirra endaði. Ekki sést svo glöggst sé hvort æðar viðarins í skákborðinu sjálfu liggja þversum eða langsum.

Með sérstakri ljóstækni var sama ljósmynd lýst upp þannig að æðar viðarins komu glögglega í ljós og liggja þær langsum á móti skákmanninum. Þá liggur fyrir ljósmynd þar sem Fischer áritar borðbrún aðalborðsins en ekki sést hvort steinplatan eða viðarplatan liggur innfelld í borðinu. Mun þetta vera borðið sem varðveitt er á

Þjóðminjasafni Íslands. Þá liggja fyrir ljósmyndir af taflborði sem teknar eru á Fischeretriinu á Selfossi, áritaðar af Fischer og Spassky. Þann 27. janúar 2022 rifti stefnandi fyrrgreindum kaupum á taflborðinu með bréfi til stefnda á þeim forsendum að stefndi hafi ekki afhent stefnanda borðið sem skákir 7–21 voru tefldar á en það hafi verið forsenda kaupanna. Er stefndi einnig krafinn um endurgreiðslu á kaupverði munanna, 185.000 USD, auk tilgreindra vaxta og flutningskostnaðar. Þessu mótmælti stefndi með tölvupósti til lögmanns stefnanda 9. mars 2022.

Var stefna birt stefnda í kjölfarið 21. mars 2022 og stefnan þingfest 30. mars 2022.

Málsástæður og lagarök stefnanda.

Stefnandi byggir á því að það hafi bæði verið forsenda og ákvörðunarástæða fyrir kaupum stefnanda á framangreindum munum af stefnda að það tréborð sem stefndi seldi stefnanda væri sama skákborðið og notað hafi verið í einvígisskákum Spasskys og Fischers nr. 7–21. Framangreindu hafi stefndi lofað með fyrirvaralausum og skýrum yfirlýsingum, ýmist í almennu kynningarefni um munina, yfirlýsingum sem beint hafi verið til stefnanda í aðdraganda viðskiptanna og lýsingu munanna í skjölum sem komu á viðskiptunum og staðfestu. Framangreint sé fullyrt í auglýsingum Bruun Rasmussen um gripina, sem stefndi lýsti yfir að væru þeir sömu og stefndi seldi stefnanda. Því sama hafi stefndi lofað stefnanda í tvígang í þeim tölvupóstum sem stefndi sendi stefnanda í aðdraganda viðskiptanna.

Stefnandi byggir á því að framangreindar upplýsingar hafi verið ákvörðunarástæða kaupanna og forsenda fyrir greiðslu kaupverðsins af sinni hálfu. Kveður stefnandi að tréborðið sé eini eiginlegi minjagripurinn um skákeinvígi aldarinnar sem fram fór árið 1972. Aðrir munir sem keyptir hafi verið hafi lítið sem ekkert minjagildi eða verðmæti. Upprunalega tréborðið hafi hins vegar gríðarlegt minjagildi.

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi gegn betri vitund haldið því ranglega fram að tréborðið, sem stefndi seldi stefnanda fyrir um 24 milljónir króna, væri það tréborð sem einvígisskákir 7–21 voru tefldar á.

Stefnandi byggir á því að athafnir stefnda feli í sér hið minnsta vítavert gáleysi og framferði sem stríði gegn heiðarleika og góðri trú í viðskiptum sem m.a. leiði til þess að hið selda teljist gallað, þar sem það fullnægi ekki þeim kröfum sem leiði af samningi eða henti ekki í þeim ákveðna tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð.

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi vitað eða mátt vita að hann gæti hvorki fullyrt né lýst því yfir að stefndi væri eigandi þess tréborðs sem einvígisskákir 7–21 milli þeirra Fischers og Spasskys voru tefldar á.

Byggir stefnandi á því að stefndi hafi verið vel kunnugur aðstæðum og atvikum sem snúi að heimsmeistaraeinvíginu sjálfu, sem og athöfnum og aðgerðum S.Í. sem sneru að smíði og sölu eftirlíkinga sem ætlaðar voru til fjáröflunar vegna kostnaðar við heimsmeistaraeinvígið. Þá byggir stefnandi á því að fyrir liggi í íslenskum bókum sem skrifaðar voru um heimsmeistaraeinvígið og blaðagrein, sem stefndi sjálfur ritaði og birtist í Morgunblaðinu 10. maí 2012, upplýsingar er sýni svo hafið sé yfir allan skynsamlegan vafa að stefndi hafði enga fullvissu fyrir því á þeim tíma sem hann seldi stefnanda munina að stefndi hefði undir höndum það tréborð sem fyrrnefndar einvígisskákir voru tefldar á. Á þeim tíma sem stefndi seldi stefnanda hið meinta tréborð hafi 10 árituð tréborð verið til auk tréborðsins sem skákirnar voru raunverulega tefldar á og aldrei var áritað.

Stefnandi byggir á því að stefndi hafi gegn betri vitund, sérstaklega í ljósi þeirrar umfjöllunar sem farið hafði fram um þá muni sem notaðir höfðu verið í heimsmeistaraeinvíginu, leynt stefnanda framangreindu. Stefndi hafi ekki minnst einu orði á þau skrif og upplýsingar sem stefnda var eða mátti vera kunnugt um, sérstaklega í ljósi aðkomu stefnda að framangreindum munum og málefnum einvígisins. Hvergi í samskiptum stefnda við stefnanda sé vakin athygli á framangreindum aðstæðum og engin leið var að fullyrða neitt um uppruna þess tréborðs sem stefndi seldi stefnanda. Engu að síður fullyrti stefndi án nokkurs fyrirvara að tréborðið væri ósvikið.

Stefnandi byggir á því að um viðskiptin gildi lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup enda fóru kaupin fram hér á landi. Samkvæmt 17. gr. laganna telst söluhlutur gallaður ef hann fullnægir ekki þeim kröfum sem leiðir af samningi eða hentar ekki í þeim ákveðna tilgangi sem seljandinn vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð. Söluhlutur telst einnig gallaður skv. 18. gr. laganna ef hann svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun og ætla megi að hafi haft áhrif á kaupin. Byggir stefnandi á að hið selda sé haldið galla á grundvelli framangreindra mælikvarða.

Stefnandi byggir á því að hið keypta sé haldið verulegum galla þar sem tréborðið sé ekki það sem notað var í einvígi aldarinnar. Stefnandi byggir einnig á því að á grundvelli upplýsinga sem stefnandi hafi nýlega komist yfir hafi stefndi ekki verið í góðri

trú um uppruna þess tréborðs sem stefndi seldi stefnanda þegar kaupin fóru fram árið 2012.

Byggir stefnandi á því að verðmæti hinna seldu muna sé lítið sem ekkert nema fyrir þá staðreynd að þeir hefðu verið notaðir í sjálfu einvígínu. Kaupverð sem svarar til rúmlega 24 milljóna króna á þáverandi verðlagi skýrist eingöngu af minjagildi tréborðsins.

Samkvæmt 1. mgr. 39. gr., sbr. 1. mgr. 30. gr., laga um lausafjárkaup er kaupanda heimilt að rifta kaupum ef söluhlutur reynist gallaður og meta má gallann til verulegra vanefnda.

Stefnandi telur hafið yfir vafa að umræddir söluhlutir séu gallaðir og að gallinn sé verulegur, enda hefði aldrei orðið af viðskiptunum nema vegna yfirlýsinga stefnda um uppruna munanna. Stefnandi lýsti yfir riftun með bréfi sínu til stefnda þann 27. janúar 2022. Stefnandi krefst með tilliti til A-liðar kröfugerðar staðfestingar á riftun kaupanna sem fram fóru 12. nóvember 2012. Það leiði af 1. og 2. mgr. 64. gr. laga nr. 50/2000, sem og almennum reglum kröfuréttar um riftun, að aðilum beri við riftun að skila þeim verðmætum sem afhent voru á grundvelli kaupanna. Óumdeilt er að stefnandi greiddi stefnda 185.000 USD fyrir munina. Gerir stefnandi því kröfu um að honum verði endurgreiddir umræddir 185.000 USD. Stefnandi þurfti að auki að leggja út fyrir flutningskostnaði og kostnaði vegna trygginga til að framkvæma kaupin, alls 4.980 USD. Er einnig krafist skila á þeirri fjárhæð á grundvelli sömu lagaraka og um kaupverðið. Krafa um endurgreiðslu kaupverðs og útlagðs kostnaðar byggist jafnframt á reglum um skaðabætur innan samninga, sbr. 40. gr. laga nr. 50/2000, sbr. m.a. 3. gr. ákvæðisins. Samtals nemur fjárfrafa stefnanda 189.980 USD.

Stefnandi byggir á því að fjárhæðin beri vexti skv. 4. gr. laga nr. 38/2001 frá 12. nóvember 2012 til 27. febrúar 2022 en þá var liðinn mánuður frá því að stefnandi krafði stefnda um greiðsluna. Frá þeim degi er krafist dráttarvaxta á fjárhæðina skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags. Gegn greiðslu framangreindra fjármuna mun stefnandi afhenda stefnda lausaféð sem keypt var með samningnum 12. nóvember 2012 og þannig uppfylla þær skyldur sem á honum hvíla á grundvelli riftunaryfirlýsingarinnar og 64. gr. laga nr. 50/2000. Stefnandi byggir á því að gallinn tengist með beinum hætti háttsemi stefnda. Stefndi fullyrti ítrekað með skuldbindandi yfirlýsingum að það tréborð, sem hann seldi stefnanda, væri tréborðið sem þeir Fischer og Spassky tefldu á einvígisskákir 7–21 í heimsmeistaraeinvígínu árið 1972. Stefnda var fullljóst að áhugi

stefnanda á tréborðinu helgaðist eingöngu af þessu. Þá gat stefnda ekki dulist að kaupverð tréborðsins og fylgimuna, sem er gríðarlega hátt sé tekið mið af sams konar hlutum, helgaðist algerlega af framangreindri forsendu. Gögn málsins sýni að stefndi gat á engan hátt fullyrt að tréborðið sem hann seldi væri hið eina sanna tréborð. Í ljósi aðstöðu og atvika sem að framan voru rakin, m.a. blaðaskrifa sem stefndi tók þátt í árið 2012, gat stefndi ekki fullyrt við stefnanda að hann væri eigandi hins raunverulega tréborðs sem framangreindar skákir 7–21 voru tefldar á. Stefndi leyndi stefnanda upplýsingum um aðstöðu og atvik sem stefndi vissi eða mátti vita um og höfðu augljóslega úrslitaáhrif á viðskiptin. Byggir stefnandi á því að m.a. vegna framangreinds geti stefnandi reist kröfur sínar á hendur stefnda á grundvelli reglna 33. gr. kaupalaga, sbr. einnig 2. mgr. 39. gr. i.f., sem mæla fyrir um þær aðstæður þegar reglur um tilkynningar eiga ekki við. Stefndi byggir að auki á því að hann hafi tilkynnt stefnda um þá galla sem voru á hinu selda án ástæðulauss dráttar, sbr. 1. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000, enda sendi hann tilkynningu um gallana um leið og hann varð þeirra var og gat sannreynt tilvist þeirra. Verði kröfum stefnanda því ekki hafnað vegna sjónarmiða um tilkynningar í lausafjárkaupum.

Stefnandi byggir sjálfstætt á því að fjárkrafa hans gegn skilum á verðmætum, sem höfð er uppi í B-lið kröfugerðar, verði einnig reist á ógildingarreglum samningaréttar. Telur stefnandi að reglur samningaréttar leiði til þess að samningur aðila teljist ógildur, auk þess sem heimilt sé að víkja ákvæðum hans til hliðar.

Stefnandi byggir í fyrsta lagi á óskráðum réttarreglum samningaréttar um brostnar forsendur. Eins og lýst hefur verið var það ákvörðunarástæða fyrir kaupunum að einvígisskákir Fischers og Spasskys hefðu farið fram á tréborðinu sem keypt var. Þetta vissi stefndi vel eða mátti a.m.k. vita en ekki verði betur séð af kynningarefni og samskiptum aðila en að stefndi hafi nýtt sér þessa ástæðu til að koma viðskiptunum á sem og til að fara fram á hið háa kaupverð munanna. Ljóst sé að þessi forsenda viðskiptanna, sem einnig var ákvörðunarástæða stefnanda fyrir þeim, er brostin með öllu. Ber við þær aðstæður að ógilda samning aðila.

Í öðru lagi byggir stefnandi á 30., 33. og 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggæringa. Telur hann ákvæði lagareglanna hverrar fyrir sig vera uppfyllt og að samningur aðila verði ógiltur, eða honum vikið til hliðar, á grundvelli hvers og eins þeirra. Eins og lýst hefur verið í stefnunni verður ekki með góðu móti komist að annarri niðurstöðu en að stefnandi hafi verið beittur svikum í viðskiptunum.

Stefndi vissi mætavel eða mátti a.m.k. vita að umrætt trúborð var ekki það sem einvígi aldarinnar fór fram á. Þrátt fyrir það var trúborðið kynnt með þeim hætti, bæði í almennum kynningum sem og í einkaskeytum stefnda til stefnanda. Komust viðskiptin á vegna þessara röngu upplýsinga sem stefndi kom beint og óbeint á framfæri við stefnanda. Eru því uppfyllt skilyrði 1. og 2. mgr. 30. gr. laga nr. 7/1936 til ógildingar samningsins.

Sömu sjónarmið leiða til þess að það verði talið óheiðarlegt af stefnda að bera fyrir sig samninginn, sbr. 33. gr. laga nr. 7/1936. Þá verður með hliðsjón af aðstæðum öllum að telja það bersýnilega ósanngjarnt í garð stefnanda að vera bundinn við samninginn. Því ber að víkja samningnum til hliðar í heild á grundvelli 36. gr. sömu laga.

Réttaráhrif ógildingar samningsins eru þau að gera verði stöðu aðila eins og samningurinn hefði aldrei verið gerður. Felur það í sér skil á verðmætum, auk þess sem stefnandi á við þær aðstæður rétt til þess að krefja stefnda um þann kostnað sem hann hlaut af því að koma samningnum á. Leiðir því ógilding samningsins, á grundvelli framangreindra réttarheimilda, til þess að fallast beri á B-lið kröfugerðar stefnanda. Stefnandi sé bandarískur ríkisborgari. Stefnandi sé hins vegar íslenskur ríkisborgari og kaupin fóru fram á Íslandi. Aðalskylda samningsins hafi hvílt á stefnda. Kaupin hafa sterkust tengsl við Ísland.

Um kaupin gilda því íslensk lög, sbr. 1. mgr. 4. gr. laga nr. 43/2000 um lagaskil á sviði samningaréttar. Um varnarþing vísast til 1. mgr. 32. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda.

Stefndi mótmælir öllum málsástæðum og lagarökum stefnanda sem röngum og ósönnuðum. Varðandi sýknukröfu stefnda byggir hann kröfu sína m.a. á því að rangt sé að hann hafi beitt sviksemi og óheiðarleika og selt stefnanda vöru með ákveðnum eiginleikum sem ekki hafi verið til staðar.

Mál þetta snúist því um hvort skilyrðum til riftunar sé fullnægt, ekki í sjálfu sér um eiginleika hins selda sem slíks. Þó skal því haldið til haga að stefndi telji að eiginleikum hinna seldu muna sé ekki áfátt að nokkru leyti. Við mat á því hvort skilyrðum til riftunar sé fullnægt telur stefndi að horfa beri til nokkurra meginþátta, sem allir saman eða hver og einn leiði til þess að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnanda gert að greiða honum allan kostnað af rekstri málsins, auk álags á málskostnað.

Þannig liggi fyrir að stefndi hafi ekki boðið stefnanda hið selda til kaups, heldur hafi stefnandi falast eftir mununum án nokkurs atbeina eða aðkomu stefnda. Stefnandi

skoðaði aldrei munina fyrir eða við kaupin eða gerði athugasemdir við skilgreiningu þeirra og uppfyllti því ekki lágmarksskoðunarskyldu sína. Ekkert hafi komið fram af hans hálfu um síðar tilkomna áskilda kosti hins selda. Hann grennslaðist hvergi og aldrei fyrir um síðar tilkomna áskilda eiginleika hins selda og það jafnvel þótt hann hafi verið reyndur viðskiptamaður, hafi komið til Íslands margoft fyrir og a.m.k. tvisvar eftir kaupin og rætt m.a. við aðila innan skákhreyfingarinnar. Einnig hafi stefnandi tekið þátt í skákmótum hérlandis, til dæmis á árinu 2014.

Stefnandi hafi ekki borið fyrir sig meintan galla fyrir en löngu eftir að allir frestir voru liðnir, eða ekki fyrr en ríflega níu árum eftir kaupin og um 50 árum frá lokum þess atburðar sem hið selda stafaði frá. Frestur til að bera fyrir sig galla geti hér aldrei orðið lengri en tvö ár frá kaupum, sbr. m.a. 2. mgr. 32. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup. Allar kröfur stefnanda séu því löngu fyrndar, hafi þær yfir höfuð verið til staðar, auk þess sem hann hafi engan veginn uppfyllt lágmarksskyldur sínar vegna kaupanna og sýnt algert tómlæti frá upphafi, sem allt leiði til þess að sýkna beri stefnda. Í þessu samhengi vísar stefndi einnig til 3. gr. fyrningarlaga nr. 150/2007, en ekki sé byggt á því í stefnu að viðbótarfrestir eigi við í málinu. Öllum staðhæfingum stefnanda um að stefndi hafi sýnt af sér gáleysi eða að framferði hans hafi á annan hátt ekki verið í samræmi við heiðarleika eða góða trú sé mótmælt harðlega. Engar sönnur hafi verið færðar fram um það af hálfu stefnanda, né hafi slíkt verið gert líklegt. Stefnanda sé því ekkert hald í að bera fyrir sig 32. eða 33. gr. laga um lausafjárkaup í máli þessu. Stefnandi byggji kröfur sínar á því að það hafi verið bæði forsenda og ákvörðunarástæða fyrir kaupum stefnanda á munum þeim er seldir voru að tréplatan sem seld var hafi verið notuð í einvígisskákum 7–21 milli Spasskys og Fischers. Er því til að svara að aldrei og hvergi hafi þessi meinta forsenda og ákvörðunarástæða komið fram við kaupin, né eftir kaupin, fyrr en fast að 10 árum eftir að viðskiptin voru um garð gengin, sbr. og reikning stefnda vegna sölunnar, sem stefnandi hafi engar athugasemdir gert við.

Hafi svo verið vaknar upp sú spurning af hverju stefnandi freistaði þess þá ekki að kaupa einungis tréplötuna úr hendi stefnda, teldi hann þann grip vera hið eina eigulega í hinu selda skákborðssetti. Þá hefði stefnandi verið þaulvanur viðskiptum af ýmsu tagi í áratugi, enda viðskipti hans lifibrauð til langs tíma, eftir því sem stefndi best viti. Stefnanda hafi borið að kynna sér hið selda og sögu þess fyrir kaupin. Það hafi hann ekki gert og beri því hallann af því, telji hann sig ekki hafa fengið í hendur þá vöru sem hann taldi sig vera að kaupa. Stefnandi hafi haft öll tók á að kynna sér hið selda í þaula fyrir

kaupin, við kaupin eða strax að þeim loknum. Hann hafi verið kunnugur aðstæðum hér á landi, hafi komið hingað margoft fyrir kaupin. Hann hafi auk þess a.m.k. tvívegis komið til landsins að loknum kaupum, m.a. til að eiga samskipti við aðila innan skákhreyfingarinnar og taka þátt í skákmótum. Aldrei hafi stefnandi gert minnstu tilraun til þess að spyrjast fyrir um hina keyptu muni hjá stefnda og festi hann kaup á þeim óséðum án þess að leita sér fullnægjandi upplýsinga, sem hann telur nú fyrst þörf á.

Stefnandi hafi haft öll tækifæri frá upphafi til að kynna sér ítarlega hið selda, sögu þess og annað sem hann taldi skipta máli við kaupin. Honum var í lófa lagið að leita til skákáhugamanna varðandi sögu gripanna og hætta við kaupin teldi hann ástæðu til. Hann hafi kosið að gera það ekki, hvorki þá né síðar, þrátt fyrir að vera kunnugur aðstæðum og einstaklingum úr skákhreyfingunni, bæði fyrir og ekki síst strax eftir kaupin. Þessa ákvörðun um aðgerðaleysi hafi hann sjálfur tekið og geti ekki nú, fast að 10 árum eftir kaupin, borið fyrir sig meintar blekkingar og óheiðarleika seljanda, enda þar að auki engu slíku til að dreifa.

Stefndi byggir á því að seljandi hafi því ekki sinnt þeim skyldum sem lagðar eru á hann skv. 31. gr. laga um lausafjárkaup. Þá hafi eðli söluhluta og kaupanna jafnframt gefið stefnanda fullt tilefni til rannsóknar fyrir kaup, sbr. 20. gr. laganna, þá skyldu vanrækti stefnandi stórlega.

Stefnandi heldur því fram í stefnu að hann hafi ætlað að selja munina í gegnum uppboðshús í Bandaríkjunum í maímánuði 2021, en uppboðshúsið þá komist að því í gegnum Fischersetrið á Íslandi að vísbendingar væru um að áritaða tréborðið væri „mögulega“ ekki það tréborð sem skákir 7–21 í einvíginu hafi verið tefldar á. Engin gögn fylgja málinu sem staðfesta þessar fullyrðingar, hver eða hverjir fullyrða þetta eða um uppboð þetta að öðru leyti. Hins vegar komi fram í gögnum að stefnandi hafi sett munina á uppboð í Bandaríkjunum á árinu 2016. Á þeim tíma hljóta því að hafa komið fram þær efasemdir sem stefnandi hefur haldið fram um notkun hins áritaða tréborðs í einvíginu, en hann ekki haldið þeim á lofti.

Skorað sé á stefnanda að leggja fram gögn vegna uppboðs hans á mununum árið 2016. Er þar vísað til samskipta stefnanda við uppboðsaðila og gagna sem lýsa mununum. Frá árinu 2016 til ársins 2022 líða því a.m.k. fimm og hálf ár þar til stefnandi kemur fram með fráleitir kröfur sínar. Kröfugerð hans sé því a.m.k. löngu fyrnd og niður fallin, þótt ekki sé nema fyrir tómlætissakir, sbr. m.a. 1. mgr. 32. gr. laga um lausafjárkaup. Auglýsing Bruun Rasmussen uppboðshúss hafi verið eftir leiðréttingar um Garde-

skákklukku sem fylgdi hinu selda. Stefnandi keypti hins vegar ekki munina á því uppboði, heldur sneri sér beint til stefnda varðandi kaupin og bauð fyrirvaralaust að reiða fram kaupverðið án þess að kynna sér hið selda rækilega svo og sögu þess, hvað þá að skoða gripina. Hann hafi því ekki uppfyllt lágmarksskyldu sína um skoðun á hinu selda eða könnun á því hvað hann var að kaupa, en kaupin hafi alfarið verið að frumkvæði stefnanda og án aðkomu stefnda eða auglýsingar af hans hálfu sem beint hafi verið til stefnanda. Þess utan viti stefndi fyrir víst að hin selda skákplata sem deilt sé um var sú plata sem notuð var í skákum 7–21 í einvígi aldarinnar, eins og fram sé komið og sýnt hafi verið fram á með réttum sögulegum heimildum, auk vitnisburðar þeirra sem best þekktu til mála fyrir um 50 árum, er einvígi aldarinnar fór fram, og enn eru á lífi. Kjarni málsins sé þó sá að stefnandi geti með engu móti löngu eftir kaupin borið stefnda á brýn óheiðarleika og blekkingar, enda ekkert sem sýni annað en að stefndi hafi í einu og öllu staðið heiðarlega að málum og selt þá muni sem um ræðir með sömu réttu eiginleikum og hann hafði keypt þá á sínum tíma af S.Í. Stefndi hafi réttilega selt þá muni sem tilgreindir hafa verið og engum blekkingum verið beitt þar eða hann hafi sýnt af sér vítavert gáleysi eða hegðun sem stríði gegn góðu siðferði eða heiðarleika í viðskiptum sem leiða eigi til þess að hið selda sé talið haldið galla, eins og haldið sé fram af hálfu stefnanda. Þvert á móti hafi stefndi selt þá muni sem réttilega voru tilgreindir. Megi einnig benda á að hið virta uppboðshús Bruun Rasmussen hefði aldrei samþykkt að selja muni þessa í umboðssölu á uppboði, teldi það einhverjum vafa undirorpið hvernig málum væri háttað.

Við tilraunir stefnda á árinu 2012 til að selja muni sína komu hinir ýmsu aðilar fram á sjónarsviðið með mismunandi kenningar og skoðanir á hinum seldu munum. Kenningar þessar báru öll merki nýfengins áhuga á að leita sannleikans er stefndi ákvað að selja muni frá einvíginu sem voru í hans eigu. Er þar um að ræða eftirákennningar og speki, burtséð frá sögulegum staðreyndum sem legið höfðu þá fyrir í 40 ár, en aðilar þessir höfðu aldrei gert athugasemdir við. Þeystust margir fram á sviðið, en flestir þeirra höfðu enga aðkomu haft að einvíginu og því engan veginn kunnugir staðreyndum. Megingagnrýni á sölu munanna og svargrein stefnda í Morgunblaðinu sneri að þeim skoðunum ýmissa aðila að gripir þessir ættu ekki að seljast úr landi.

Stefndi byggir á því að umrædd gagnrýni og efasemdir um sölu hinna seldu muna séu ekki upplýsingar sem stefnda hafi borið að koma á framfæri við stefnanda við sölu á mununum. Fyrir því séu einkum tvær ástæður.

Fyrst beri að nefna að stefndi er fullviss um að platan sé sú sem notuð var í einvíginu. Byggist það á áreiðanlegum heimildum, skjalfestum og munnlegum, sem stafi frá trúverðugum einstaklingum sem sannarlega þekktu uppruna umræddrar plötu. Í öðru lagi sé ljóst að allar staðhæfingar um að platan sem seld var sé ekki sú sama og notuð var í einvíginu séu rangar og órökstuddar, auk þess sem gagnrýnin sneri að miklu leyti að því hvort selja ætti munina úr landi eða ekki og um skákklukkuna sem fylgdi. Á það við í öllum tilvikum og hefur stefnandi ekki gert neinn reka að því að rökstyðja mál sitt að þessu leyti. Af þessu leiðir að stefndi uppfyllti allar skyldur sem á hann eru lagðar skv. lögum um lausafjárkaup og almennum reglum samninga- og fjármunaréttar, ef því er að skipta, um að upplýsa um uppruna, gerð og eiginleika hinna seldu muna. Þá séu allar lýsingar, er jafna megi til loforða, um hið sama í samræmi við þær upplýsingar og gögn er hafi legið fyrir við sölu munanna. Á stefnda hvíli engin skylda til að miðla röngum og órökstuddum dylgjum til stefnanda.

Verði ekki fallist á framangreint byggir stefndi á því til vara að ljóst sé að hann hafi verið í góðri trú við sölu munanna. Sé því jafnframt einkennilegt og standist enga skoðun að halda því fram að platan sem skákir 7–21 voru tefldar á hafi aldrei verið árituð og verið frá lokum einvígisins í umsjón S.Í. Sé fullyrðingu þess efnis sérstaklega mótmælt sem tilhæfulausri og ósannaðri. Megi telja víst að platan hefði þá verið vandlega varðveitt hjá S.Í. og hún sett á þann virðingarstað sem hún hefði átt skilið. Slíkt hafi aldrei verið gert. Fullyrðingar þessa efnis breyti ekki staðreyndum málsins eða sögunni eins og komi fram í bók Þráins Guðmundssonar, Skáksamband Íslands í 70 ár, útg. 1996, bls. 136–137. Sé annað óhjákvæmilegt en að platan hefði þá varðveist með tryggilegum hætti og verið sett á stall, þar sem um talsverð verðmæti væri að ræða frá upphafi og S.Í. því gætt hennar betur og hampað sögunni. Það er langt frá því rétt að hin áritaða skákplata sé eini eigulegi gripur þess sem selt var. Veruleg og aðalverðmæti séu falin í hinu einstaka skákkborði og tveimur hliðarborðum sem smíðuð voru eftir hönnun Gunnars Magnússonar. Liggur fyrir að ekki verða önnur sambærileg borð smíðuð og því einungis þrjú eintök til af þessari völundarsmíði sem gerir, eitt og sér, hið selda skákkborð að einstökum söfnunargrip. Þessi tvö skákkborðssett voru í eigu seljanda og séu því verðmætir söfnunargripir. Skákkborðið sem selt var, ásamt hinni árituðu skáktrésplötu, taflmönnum sambærilegum Staunton-taflmönnum frá tíma einvígisins og Garde-skákklukku sambærilegri þeirri sem notuð var í einvíginu, geri heildarumgjörðina að þeim einstaka söfnunargrip sem hið selda var og er.

Megi benda á að á árinu 2022 hafi einvígishaldarar í Arabíu óskað eftir að fá að smíða sambærilegt skákborðssett til notkunar í einvígi heimsmethafa milli þeirra Magnusar Carlsen, þáverandi heimsmeistara, og Ian Nepomniachtchi, áskoranda. Beiðni þessi hafi komið í gegnum S.Í., en var hafnað á þeim forsendum að ekki væri heimilt að smíða fleiri borð sambærilegrar gerðar. Þá hafi annað skákborðið sem var í eigu stefnda verið notað í skákeinvígi Boris Spasskys og Vlastimil Horts árið 1977 á Íslandi. Borðið hafi síðan verið sýnt opinberlega á sýningum hér á landi, m.a. í Borgarleikhúsinu í Reykjavík.

Því er alfarið hafnað að bókin Fischer gegn Spassky hafi eitthvert sönnunargildi í málinu, hvorki um uppruna hinna seldu muna né um vonda trú stefnda. Bókin sé skrifuð af fréttamanni sem skrifar frásagnir annarra. Hið rétta í máli þessu kemur hins vegar skýrt fram í bók Þráins Guðmundssonar, fyrrverandi varaforseta S.Í., Skáksamband Íslands í 70 ár, fyrra bindi, útg. 1996, bls. 136–137, en þar séu tekin af öll tvímæli um að einvígisskákir 7–21 hafi verið tefldar á hinni árituðu tréplötu, sem stefndi keypti og seldi síðan stefnanda. Telur stefndi engar líkur á að nokkur kunnugur skákheiminum myndi rengja réttar staðhæfingar Þráins Guðmundssonar, sem nú sé látinn. Þráinn hafi haft víðtæka þekkingu og beina reynslu og aðkomu að skákeinvígi aldarinnar, sem sé hér til umfjöllunar, og öllum hnútum kunnur innan S.Í. Einnig megi benda þessu til stuðnings á bók Guðmundar G. Þórarinssonar, Einvígi allra tíma, útg. 2020, bls. 174, þar sem fram komi ferill sögunnar um á hvaða plötum var keppt í einvíginu, eins og hún er sönn og rétt. Grein sú er stefndi ritaði í Morgunblaðið 10. maí 2012, „Eru brögð í taflí?“, hafi verið svar við eftiráskýringum og röngum ásökunum aðila sem sáu ofsjónum yfir eignarhaldi stefnda á hinum seldu gripum og tilraunum hans til sölu þeirra, aðallega er varðar hugsanlega sölu þeirra úr landi. Aðilar þessir hafi reynt að skrifa söguna upp á nýtt með ýmsum hætti, án þess að hafa beina þekkingu eða haft aðkomu að einvíginu, þá 40 árum áður. Einnig leiðrétti stefndi þar misfelli sem orðið hafði vegna mistaka í lýsingu uppboðshússins Bruun Rasmussen, sem hafði þó þá þegar verið leiðrétt hjá uppboðshúsinu sjálfu. Því sé hafnað sem fram komi í stefnu, að umfjöllun í fjölmiðlum á þessum tíma og grein sú er stefndi ritaði í Morgunblaðið sé til sönnunar um vafa á uppruna skákplötunnar. Hið rétta sé að gagnrýni á fyrirhugaða sölu stefnda á þessum tíma sneri aðallega að því hvort rétt væri að selja munina úr landi og því hvort Garde-skákklukkan hefði verið sú sama og notuð var í einvíginu. Stefnandi dregur rangar og órökstuddar ályktanir af þessari umfjöllun.

Ljósmynd sú er stefnandi vísi til hafi ekkert sönnunargildi í máli þessu og var stefnda tilvist hennar fram að þessu ókunn. Ljósmynd þessi getur hafa verið tekin hvenær sem er á tímum einvígisins, eftir það eða á öðrum tíma. Ljósmynd þessi komi nú fyrst fram á sjónarsviðið og ekki er kunnugt um að neinn hafi fram að þessu vitað um tilvist hennar eða kenningar þar að baki, sem heita má undarlegt. Þá geti hvers kyns önnur tilefni hafa verið til myndatökunnar og ljósmyndin þannig verið tekin hvenær sem er. Hvað sem hugleiðingum um það líður liggur ljóst fyrir að stefnda var ekki kunnugt um ljósmynd þessa fyrr en kröfur stefnanda komu fram. Mynd þessi getur því aldrei haft neitt sönnunargildi um meinta sviksemi og óheiðarleika stefnda og á vísun til hennar því ekkert erindi í mál þetta. 17. og 18. gr. laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 eigi ekki við í máli þessu, enda seldi stefndi munina, sem honum voru seldir á árinu 1976, á réttum og heiðarlegum grundvelli, skv. því sem rétt söguskýring segi til um. Sama eigi við um 1. mgr. 39. gr., sbr. 1. mgr. 30. gr., sömu laga. Engin heimild eða skilyrði séu til riftunar kaupanna. Stefndi seldi skilgreinda vöru eins og lýst hefur verið. Stefnandi hafði allt frumkvæði að kaupunum, keypti munina án nokkurs fyrirvara og án þess að sinna þeirri skyldu sinni að skoða munina fyrir eða við kaupin eða viðhafa neinar tilgreiningar á forsendum kaupanna sem koma ekki fram fyrr en nærri 10 árum eftir kaupin.

Stefnandi bauð fram kaupverð að eigin frumkvæði og á eigin forsendum, sem samþykkt var, og gerði engar athugasemdir, hvorki fyrir kaupin, við kaupin né að þeim loknum, auk þess sem þessi tilskildi eiginleiki kom hvergi fram í reikningi útgefnum vegna kaupanna. Þrátt fyrir að vera kunnur skákheiminum, hafa komið til Íslands nokkrum sinnum fyrir og eftir kaupin, kynnst aðilum innan skákhreyfingarinnar hér á landi og tekið þátt í skákmótum hafi hann aldrei borið fyrir sig að hið selda hefði ekki þá eiginleika sem þeir höfðu átt að hafa að hans mati við söluna fyrr en hartnær 10 ár voru liðin frá kaupunum.

Stefnandi hefur þannig hið minnsta sýnt af sér stórkostlegt tómlæti, gáleysi og hirðuleysi í því að kynna sér hið selda í þaula fyrir kaupin eða við kaupin og þannig getað hætt við þau, uppfylltu þau ekki skilyrði hans, sem reyndar komu aldrei fram. Þetta sé þrátt fyrir víðtæka þekkingu stefnanda á viðskiptum af ýmsu tagi víða um heim. Framferði stefnanda beri engin merki þess að kröfur hans hafi verið settar fram án ástæðulauss dráttar. Sérstaklega hefði þetta verið nauðsynlegt í ljósi kaupverðsins sem stefnandi hefur lýst yfir að sé gríðarlega hátt. Þeirri fullyrðingu sé reyndar sérstaklega mótmælt.

Í ljósi þessa beri að sýkna stefnda alfarið af kröfum stefnanda. Forsendur kaupanna geti ekki verið brostnar skv. framansögðu.

Um ógildingarkröfu stefnanda bendir stefndi á að stefnandi hafi ekki uppi sérstakar dómkröfur um ógildingu samnings, hvorki í heild né að hluta. Málsástæður um ógildingu samnings geta því ekki verið grundvöllur þess að fallist verði á fjárkröfu stefnanda, hvort sem riftunarkröfu verður hrundið eða ekki. Málaltilbúnaður stefnanda um ógildingu samnings eigi því ekkert erindi í þetta mál.

Þrátt fyrir það telur stefndi óhjákvæmilegt að fjalla um málaltilbúnað stefnanda að þessu leyti. Reglur 30., 33. og 36. gr. laga nr. 7/1936 sé útilokað að heimfæra upp á söluna, sbr. það sem er komið fram hér að framan. Hið sama eigi við um almennar reglur samningaréttar, þ.m.t. reglur um brostnar forsendur. Engum svikum var beitt, engum óheiðarleika var til að dreifa og eru því engar forsendur til þess að víkja samningnum til hliðar, hvorki í heild né að hluta. Auk þess hafi stefnandi haft öll tók á að kynna sér ítarlega allt sem snerti hið selda fyrir kaup sín á hinu selda, eða í síðasta lagi skömmu eftir kaupin er hann kom gagngert til landsins hið minnsta í tvígang og var settur í samband við aðila innan skákhreyfingarinnar með aðstoð stefnda. Stefndi vísar að mestu í fyrri umfjöllun en bætir við eftirfarandi atriðum: Í fyrsta lagi telur stefndi ósannað að þeir eiginleikar taflplötunnar, að hún hafi verið notuð í einvígi aldarinnar, hafi verið forsenda eða ákvörðunarástæða fyrir kaupum stefnanda. Engar slíkar forsendur séu nefndar til sögunnar í gögnum málsins sem beri það fremur með sér að verðmæti hins selda hafi endurspeglast í heildarpakka hinna seldu muna. Ógerningur sé að gefa sér forsendur eftir á um það hvaða verðmat eða vægi stefnandi hafi gefið hinni seldu skákplötu einni og sér við kaupin.

Í öðru lagi sé ekkert fram komið um að stefndi hafi beitt svikum við kaupin í skilningi 30. eða 33. gr. samningalaga. Málsástæður stefnanda að þessu leyti séu verulega vanreifaðar og byggist á röngum ályktunum. Hið sama sé uppi á teningnum varðandi málsástæðu stefnanda um ógildingu samnings á grundvelli 36. gr. laganna. Samantekið byggir stefndi á því að ósannað sé að hið selda hafi verið gallað eða að það hafi ekki haft þá eiginleika sem sannarlega voru lagðir til grundvallar við sölu munanna árið 2012. Þvert á móti telur stefndi að hann hafi sannað með framlagningu gagna að svo sé ekki, þ.e. að munirnir séu ekki haldnir galla í framangreindum skilningi. Öðrum þræði telur stefndi einnig ósannað að hann hafi með nokkrum hætti sýnt af sér gáleysi, óheiðarleika eða vonda trú við sölu munanna. Það leiðir af öllu framangreindu að sýkna beri stefnda

af öllum kröfum stefnanda. Stefnandi hafi ekki sýnt fram á galla hins seldu eða nokkra vanefnd af hálfu stefnda. Sönnunarbyrði um öll þessi atriði hvíli á stefnanda.

Varakrafa stefnda um verulega lækkun á fjárkröfu stefnanda byggist á eftirfarandi málsástæðum:

Í fyrsta lagi vísast í fyrri umfjöllun um heildarverðmæti hinna seldu muna. Ekkert liggja fyrir um verðmæti munanna hvers fyrir sig. Máltilbúnaður stefnanda byggist allur á því að skákplatan sé eini verðmæti munurinn sem seldur var. Þá byggir stefnandi ekki á því að aðrir munir hafi verið gillaðir. Það sé ósannað með öllu að verðmæti hinna seldu muna hafi aðeins tekið mið af skákplötunni sem einvígisskákirnar voru tefldar á. Ef fallist yrði á kröfur stefnanda ætti því með réttu að lækka fjárkröfu stefnanda sem nemi verðmæti annarra muna en taflplötunnar, enda engin skilyrði til riftunar kaupanna hvað þá muni varði.

Í öðru lagi sé ljóst af gögnum málsins, og hvað sem uppruna taflplötunnar líði, að stefndi kom allan tímann heiðarlega fram og í góðri trú við sölu munanna. Verði fallist á riftunarkröfu stefnanda yrði því ósanngjörn niðurstaða að gera stefnda að skila greiðslum í þeim mæli sem krafist er, sérstaklega þegar litið sé til þess hve langt er um liðið og tómlætis stefnanda.

Kröfu stefnda um greiðslu málskostnaðar úr hendi stefnanda byggir stefndi á XXI. kafla laga um meðferð einkamála nr. 91/1991. Einkum er vísað til 129.–131. gr. laganna. Krafa um álag á dæmdan málskostnað byggist á 2. mgr. 131. gr. laganna, sbr. a-, b- og c-lið 1. mgr. sömu greinar. Byggt er á því að málsókn þessi sé bersýnilega tilefnislaus og eru kröfur þær er stefnandi hefur uppi augljóslega byggðar á röngum staðhæfingum. Máltilbúnaður stefnanda styðst við sögusagnir og dylgjur sem styðjast ekki við nein gögn.

Varðandi frekari lagarök vísar stefndi einkum til laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum til meginreglna VI. kafla laganna um sönnun. Þá vísar stefndi til laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga, laga um lausafjárkaup nr. 50/2000 og fyrningarlaga nr. 150/2007. Jafnframt vísar stefndi til almennra reglna kröfu- og samningaréttar.

Skýrslur fyrir dómi.

Við aðalmeðferð málsins gaf stefndi skýrslu ásamt vitnunum Sverri Kristinssyni, Einari Sigurði Einarssyni, Helga Ólafssyni, Jóhanni Hjartarsyni, Jóni Einarssyni Gústafssyni,

Ásdísi Bragadóttur og Aldísi Sigfúsdóttur. Verður vitnað til framburðar þeirra við úrlausn málsins eins og þurfa þykir.

Forsendur og niðurstaða.

Mál þetta snýst, að meginefni til, um sölu á sérhönnuðu skákborði ásamt sérsníðuðu og árituðu taflborði sem Boris Spassky og Bobby Fischer tefldu á 7.–21. skákina í einvígi þeirra á heimsmeistaramóti í skák í júlí árið 1972. Er óumdeilt í málinu að Gunnar Magnússon arkitekt teiknaði og hannaði sérstakt borð sem notað var í einvíginu ásamt tveimur hliðarborðum og sé það borð nú á Þjóðminjasafni Íslands. Í því borði er taflplata úr steini, niðurfelld í borðið, og skák nr. 1, sennilega 2. skákin og 4.–6. skákin voru tefldar á.

Vegna óánægju Fischers með steinplötuna var fengið nýtt taflborð úr viði sem skákir 7–21 voru tefldar á. Er því haldið fram í málinu að það borð hafi verið áritað af Fischer og Spassky að einvíginu loknu. Með samkomulagi þeirra voru a.m.k. 10 eins borð smíðuð sem voru einnig áritað af Fischer og Spassky sem átti að selja til fjáröflunar fyrir Skáksamband Íslands.

Tómlæti.

Stefndi byggir m.a. á því að krafa stefnanda sé fyrnd og að auki fallin niður sökum tómlætis. Stefnandi haldi því fram í stefnu að hann hafi ætlað að selja munina í gegnum uppboðshús í Bandaríkjunum í maímánuði 2021, en uppboðshúsið þá komist að því í gegnum Fischersetrið á Íslandi að vísbendingar væru um að áritaða tréborðið væri „mögulega“ ekki það tréborð sem skákir 7–21 í einvíginu hafi verið tefldar á.

Engin gögn fylgja málinu sem staðfesta þessar fullyrðingar, hver eða hverjir fullyrða þetta eða um uppboð þetta að öðru leyti. Hins vegar kemur fram í gögnum að stefnandi hafi sett munina á uppboð í Bandaríkjunum á árinu 2016. Ekkert í þeim gögnum gefur til kynna að efasemdir séu um uppruna taflborðsins á þeim tíma af hálfu stefnanda. Er þar vísað til samskipta stefnanda við uppboðsaðila og gagna sem lýsa mununum. Stefnandi heldur því fram að fyrst á árinu 2021 hafi hann fengið grunsemdir um að hann hafi ekki fengið rétta muni afhenta við kaupin.

Vitnið Helgi Ólafsson staðfesti fyrir dóminum að uppboðshaldari hefði haft samband við sig á árinu 2021 og spurst fyrir um uppruna taflborðsins. Þrátt fyrir að stefndi hafi skorað á stefnanda að leggja fram gögn er varða það uppboð hefur stefndi heldur ekki sýnt fram á að stefnandi hafi ekki tilkynnt seljanda án ástæðulauss dráttar um galla á vörunni en stefnandi birti riftunarkröfu fyrir stefnda 27. janúar 2022 og telur

dómurinn að stefndi geti ekki byggt á 1. mgr. 32. gr. laga um lausafjárkaup varðandi tómlæti. Þrátt fyrir að stefnandi sé mikill áhugamaður um skáklist og hafi komið til Íslands til að tefla, eins og kemur m.a. fram í gögnum málsins árið 2014, verður honum ekki gefið að sök að hafa ekki grafist fyrir um það hvort taflborðið, sem hann keypti af stefnda, hafi verið það sem Spassky og Fischer tefldu lokaskákirnar á. Þá er ekkert í gögnum málsins sem bendir til að stefnanda hafi mátt vera ljóst á árinu 2016 að ekki var um frumgerð taflborðsins að ræða og ekkert slíkt kemur fram í gögnum uppboðshaldara frá árinu 2016.

Er hafnað málsástæðu stefnda um að stefnandi hafi sýnt af sér slíkt tómlæti að sýkna beri stefnda.

Ljósmyndin.

Stefnandi lagði fram ljósmynd af blaðamanni, Alberto Canagueral, sitjandi við skákborð þar sem taflmönnum er raðað upp eftir að lokaskákin var tefld. Mótmælir stefndi því að sú ljósmynd hafi nokkurt sönnunargildi í málinu enda ekkert vitað hvar eða hvenær sú ljósmynd hafi verið tekin. Stefnandi kvað þá ljósmynd hafa verið tekna af næturverði í Laugardalshöllinni af bandarískum ljósmyndara sem hafði einkaleyfi til myndatöku á meðan á einvígínu stóð, Alberto.

Á umþrætti ljósmynd sjást miklar gardínur og blómapottur með háum blómum í bakgrunni. Á ljósmynd, sem liggur fyrir í málinu og tekin var á sviði Laugardalshallar við krýningu Fischers, sést sami bakgrunnur og einnig blómapotturinn bak við skákborðið. Telur dómurinn engan vafa vera í málinu um að umrædd ljósmynd sem sýnir blaðamann sitja við skákborðið og handleika taflmenn sé tekin af því taflborði sem Fischer og Spassky tefldu við. Þá er taflmönnum raðað þannig upp á taflborðinu að taflmenn sýna lokaleik í þeirri skák sem staðfestir að ljósmyndin var tekin þegar lokaskákin hafði verið tefld.

Telur dómurinn því sannað að umrædd ljósmynd sýni skákborðið í Laugardalshöllinni eftir lok síðustu skákarinnar. Er málsástæðu stefnda varðandi þessa ljósmynd því hafnað.

Taflborðið.

Óumdeilt er að þegar skákmaður sest að taflborði til að tefla er hvítur reitur neðst í hægra horni taflborðsins og svartur reitur neðst vinstra megin, séð frá skákmanninum.

Stefnandi heldur því fram að það taflborð sem hann hafi fengið afhent frá stefnda þegar hann keypti skáksettið hafi átt að vera það taflborð sem skákir 7–21 voru tefldar á.

Þannig hafi stefndi afhent taflborðið og þannig hafi taflborðið verið auglýst og verið forsenda kaupanna.

Lögmaður stefnanda hafði með sér, við aðalmeðferð málsins, áritað taflborð sem stefnandi kvaðst hafa fengið afhent þegar hann keypti skáksettið af stefnda. Hafi, löngu eftir kaupin, komið í ljós að sú taflplata sem hafði fylgt skáksettinu væri ekki sú plata sem stefndi seldi honum. Er ekki ágreiningur um að sú taflplata sé sú sem stefnandi keypti af stefnda.

Þessu mótmælir stefndi og kveður það ekki hafa verið forsendu kaupa stefnanda að sú plata sem skákir 7–21 hafi verið tefldar á væri hluti af skáksettinu. Þá hafi stefnandi ekki sannað með fullnægjandi hætti að taflplatan sem stefnandi hefði undir höndum væri ekki sú plata sem umræddar skákir hefðu verið tefldar á.

Stefndi setti á árinu 2012 annað skákborðið, eftirlíkingu, á uppboð hjá uppboðshaldaranum Bruun Rasmussen í Danmörku ásamt umþrættri taflplötu og öðrum munum tengdum einvíginu. Birti uppboðshaldarinn ljósmyndir á heimasíðu sinni af skákborðinu, taflmönnum og taflborðinu sjálfu árituðu af Spassky og Fischer 14. júní 2012. Seldist borðið ekki á uppboðinu. Þann 6. nóvember 2012 hafði stefnandi samband við uppboðshaldarann Bruun Rasmussen með tölvupósti, vísaði þar í slóð heimasíðu uppboðshaldarans og spurði hvort þessi minjagripur væri seldur.

Kvaðst stefnandi hafa áhuga á að komast í samband við eigandann. Í framhaldi svaraði umboðsmaður uppboðshaldarans stefnanda og kvað settið ekki hafa selst og hann myndi áframsenda fyrirspurnina á umbjóðanda sinn. Í framhaldi af því svaraði stefndi stefnanda og fóru mikil tölvupóstsamskipti fram á milli þeirra allt frá 8. nóvember 2012 til 7. desember sama ár þegar kaupin voru afstaðin. Kemur þar m.a. fram að stefnandi var mjög ánægður með að hafa fundið settið aftur. Þá leggur stefndi til að bætt verði við pakkann ýmsu sem tengdist einvíginu, svo sem veggspjöldum, ljósmyndum, frímerkjum og öðru, en af samskiptum þeirra má ráða að stefnandi hafi ætlað að setja upp sýningu í Bandaríkjunum tengda skákeinvíginu. Segir stefnandi að það myndi virkilega fullkomna sýninguna og gera alla útstillingu heillegri ef fleiri hlutir fylgdu með í kaupunum til stefnanda. Bauð stefnandi stefnda 185.000 USD fyrir skáksettið að meðtöldum sendingarkostnaði.

Fyrst kemur fram í samskiptum aðila 13. nóvember 2012 að hluti af þeim munum sem stefnandi keypti af stefnda væri árituð taflplata sem notuð hefði verið í einvígi þeirra Fischers og Spasskys í 7.–21. skák einvígisins. Að auki voru ýmsir munir látnir fylgja til

kaupandans sem tengdust einvíginu og voru án gjaldtöku. Þá segir einnig í tölvupóstinum frá stefnda að seljandi vinni að framleiðslu taflplatna með áprentuðum áritunum keppendanna, sem verði seldar sem minjagripir. Af þessu má ráða að á þessum tíma hafi stefnandi talið að eingöngu væri til eitt taflborð sem áritað var af keppendum persónulega og stefnandi því mátt trúa því að sú taflplata sem skákir 7–21 voru tefldar á væri sú plata sem hann var að kaupa. Þá segir Jóhann Bogason í tölvupósti til stefnanda o.fl. að þeir séu að undirbúa að senda skákborðið sem Fischer og Spassky tefldu á fyrir mörgum árum hérna á Íslandi og séu viðtakendur skáksettsins í New York. Þá gerði stefndi stefnanda reikning fyrir borði, taflplötu, skákklukku, taflmannasetti, hliðarborði, veggspjöldum og þilplötum úr plasti, samtals að upphæð 185.000 USD. Telur dómurinn að stefnandi hafi sýnt fram á að taflborðið sem 7.–21. skákin voru tefldar á hafi verið forsenda kaupanna.

Stefndi setti á árinu 2012 annað skákborðið á uppboð hjá uppboðshaldaranum Bruun Rasmussen í Kaupmannahöfn. Var skáksettið fengið frá stefnda og gaf stefndi uppboðshaldaranum allar upplýsingar um skáksettið og taflborðið. Birti uppboðshaldarinn ljósmyndir af skákborðinu, taflmönnum og taflborðinu sjálfu árituðu af Spassky og Fischer á heimasíðu sinni 14. júní 2012. Var taflborðið auglýst þannig að það hefði verið notað við 7.–21. skák Spasskys og Fischers. Greinilega sést á þeirri ljósmynd að æðar viðarins í taflborðinu liggja þversum, séð frá skákmanninum.

Vitnið Helgi Ólafsson gaf símaskýrslu við aðalmeðferð málsins. Kvaðst hann hafa unnið að rannsókn á taflborðum á árinu 2018 sem teflt var á í einvíginu 1972. Mikil umræða hafi orðið á árinu 2012 um eftirlíkingar af einvígisborðinu en ekki taflplötunni sem teflt hafði verið á. Litlar heimildir hafi verið til um taflborðin en haustið 2018 hafi vitnið fengið upplýsingar um ljósmyndara, Alberto, sem hafði einkarétt á ljósmyndun á meðan á einvíginu stóð. Alberto hafi sagt sér frá því að hann hafi hitt næturvörð í Laugardalshöllinni þegar einvígið stóð yfir og hafi sá næturvörður tekið ljósmynd af Alberto við skákborðið eftir lokaskákina. Hafi Alberto sent vitninu tvær ljósmyndir, teknar af sér við taflborðið, þar sem greinilega kom fram að æðar í taflborðinu lágu á annan veg en á því borði sem haldið var fram að 7.–21. skákin hefði verið tefld á og boðið var til kaups hjá Bruun Rasmussen. Greinilega hafi verið um lokaskákina að ræða þar sem sú staða hafi verið uppi á ljósmyndinni. Vitnið kvað Alberto ekki hafa verið vissan um það hvort ljósmyndin hefði verið tekin 31. ágúst eða 1. september 1972 en lokaskákin hafði farið í bið 31. ágúst og Spassky gefið skákina þann 1. september. Í lokahófinu þann 3. september hafi borðið enn staðið uppi á sviðinu og menn verið að

tefla á því. Vitnið kvað Fischersetrið hafa fengið fyrirspurn um taflborðið frá uppboðshaldara vorið 2021 og einnig haft samband við vitnið. Hafi vitnið upplýst uppboðshaldarann um að það gæti ekki betur séð en að um annað taflborð væri að ræða en kæmi fram á ljósmyndinni af Alberto. Þá hafi stefnandi einnig fengið ljósmyndina af Alberto senda. Staðfesti vitnið að það hafi fyrst fengið staðfestan grun um að það borð, sem hafi fylgt með smíði Gunnars Magnússonar 2018, hafi ekki verið sama taflborðið og sé á ljósmyndinni sem Alberto sé á. Vitnið kvaðst hafa haft samband við umræddan næturvörð svo og Alberto og fengið samþykki þeirra til að nota myndina.

Vitnið Jóhann Hjartarson kom fyrir dóminn og kvaðst hafa unnið að rannsókn á ljósmynd sem Helgi Ólafsson hefði fengið frá ljósmyndaranum Alberto. Lítið hafi verið til af ljósmyndum frá einvíginu því að bandarískur ljósmyndari hafi haft einkarétt á að mynda einvígið og hann hafi síðan horfið sjónum manna. Í október 2021 hafi vitnið fengið upplýsingar um að skákbretti væri niðri í Skáksambandi og haft væri eftir Ásdísi Bragadóttur, framkvæmdastjóra sambandsins til margra ára, að það væri brettið sem notað hefði verið í einvíginu. Hafi hún haft þær upplýsingar frá Þrání Guðmundssyni, fyrrverandi forseta Skáksambandsins. Við rannsókn á ljósmyndinni hafi komið í ljós að svo til nákvæmlega eins æðar hafi legið í reitum taflborðsins á ljósmyndinni og því taflborði sem væri í vörslu Fischerssetursins. Borðið sé sérstakt að því leyti að rammi sé smíðaður í kringum skákplötuna sem sé mjög sérstakt. Vitnið kvaðst hafa séð, við rannsókn á ljósmynd Albertos, á veraldarvefnum ljósmynd af taflborði, frá uppboðshaldara í Bretlandi að það minnti, sem sagt var að hefði verið notað í skákum 7–21. Hafi vitnið séð strax að það hafi ekki verið taflborðið sem ljósmynd Albertos var af. Kvað vitnið eiganda taflborðsins, sem væri á Fischersetrinu, vera S.Í. Það taflborð væri ekki áritað og væri í láni frá S.Í. Taflborðið sem sé á Fischersetrinu sé með sérstökum ramma utan um sem vitnið kvaðst aldrei hafa séð áður. Sé eins og ekki sé um sérsmíðað taflborð að ræða heldur þunna plötu og rammi hafi verið smíðaður utan um taflborðið til að fella það niður í aðalborðið.

Vitninu voru sýndar ljósmyndir af taflborðinu sem væri á Fischersetrinu og teknar hefðu verið í Laugardalshöllinni. Vitnið taldi að um sama bretti væri að ræða. Þá séu í hornunum undir taflborðinu á Fischersetrinu fjórar grænar klessur sem búið sé að skafa niður sem leiði líkur að því að venjulegt taflborð hafi verið fengið í þriðju skákina og útbúið með þessum ramma til að það félli inn í húsgagnið. Vitnið skoðaði taflborðið frá stefnanda og kvað það vera eins og öll þau bretti sem vitnið hefði séð árituð og væru af

öðrum toga en það borð sem væri á Fischersetrinu. Árituðu borðin séu öll gegnheil en borðið á setrinu sé þunnt og holt að innan með sérstökum ramma utan um.

Vitnið Jón Einarsson Gústafsson kom fyrir dóminn og kvaðst hafa komið að rannsókn á ljósmynd sem talin er vera frá einvíginu og taflborði sem sé á Fischersetrinu. Kvað vitnið Jóhann Hjartarson hafa komið að máli við sig og spurt hvort hægt væri að lýsa myndina upp á sama hátt og gert hefði verið í Laugardalshöllinni. Vitnið kvaðst hafa fengið ljósmyndina frá ljósmyndaranum Alberto sem hann hafi síðan skannað inn og borið saman við taflborðin og sett upp á vídeó. Vitnið kvaðst hafa séð á ljósmyndinni reiti af báðum borðum sem hafi haft nákvæmlega eins æðar í viðnum en æðar í viði séu eins og fingraför viðarins. Vitnið kvaðst hafa alist upp hjá trésmið og hafa nokkra þekkingu á því sviði. Því viti vitnið að útilokað sé að framleiða nákvæmlega eins viðarborð þar sem æðar í viði séu aldrei eins.

Vitnið Ásdís Bragadóttir, framkvæmdastjóri Skáksambandsins til ársins 2019, kom fyrir dóminn. Kvað vitnið aðspurt rétt eftir sér haft í Vikuspeglinum 13. maí 2012 að skilningur vitnisins hafi ætíð verið sá að taflborðið sem hafi verið notað í 7.–21. skák einvígisins og líklega þeirri þriðju líka væri í vörslu Skáksambandsins. Þráinn Guðmundsson, fyrrverandi forseti S.Í., hafi komið til vitnisins með áritað taflborð, sem hann hafði fengið gefins, eins og fleiri, og vildi skila því. Um leið hafi hann sagt vitninu að borðið sem notað hefði verið í einvíginu væri niðri í Skáksambandi og væri ekki áritað. Það borð sé aðeins frábrugðið þeim sem hafi verið gefin, sléttara og annar viður í því, þannig að vitnið hefði haldið að hægt væri að sjá þetta á gömlum myndum. Taldi vitnið að Þráinn hefði komið til sín um árið 2004/2005. Þegar vitnið hafi hætt hjá Skáksambandinu 2019 hafi borðið enn verið í geymslu inni í rauðu teppi. Lýsti vitnið taflborðinu þannig að það væri ekki alveg gegnheilt og rammi utan um borðið. Aðspurt um hvort það sé rangt sem komi fram í bók sem gefin var út og haft eftir Þráni Guðmundssyni, að taflborðið sem m.a. skákir 7–21 hafi verið tefldar á ættu að seljast, og hafi Sverri Kristinssyni verið falið að selja borðin, kvaðst vitnið ekki þekkja þetta en steinplatan hefði verið í einu borðinu en önnur tréplatan hefði verið uppi í Skáksambandi þegar vitnið starfaði þar. Þetta hefði verið mjög lítið rætt og ekki lítið á þetta sem nein verðmæti fyrr en síðar, en platan hafi verið geymd sem taflplatan sem lokaskákirnar hafi verið tefldar á. Vitnið kvað Þráin hafa fullyrt að Skáksambandið ætti þá plötu.

Í málinu liggur fyrir vídeóupptaka, gerð af vitninu Jóni Einarssyni Gústafssyni, þar sem umrædd ljósmynd af Alberto er lýst upp og borin saman við ljósmynd af

skákborðinu sem er á Fischersetrinu. Kemur greinilega fram á henni að æðar í viðnum í báðum taflborðunum liggja langsum, frá skákmanninum séð, miðað við að hvítur reitur sé neðst til vinstri og þannig snúi borðið ekki rétt. Einnig liggur fyrir ljósmynd af árituðu taflborði sem varðveitt er á Fischersetrinu þar sem óumdeilt er að æðar viðarins liggja þversum, frá skákmanninum séð. Æðar í viði í skákborði stefnanda liggja einnig þversum, frá skákmanninum séð.

Af framburði þessara vitna, svo og með tilliti til þeirra gagna sem lögð hafa verið fram því til sönnunar að taflborðið sem boðið var upp 14. júní 2012 hjá Bruun Rasmussen væri ekki það taflborð sem lokaskákin, 21. skákin, var tefld á, telur dómurinn engan vafa leika á því að það borð sem boðið var upp 14. júní 2012 hjá Bruun Rasmussen var ekki það taflborð sem skákir 7–21 voru tefldar á.

Telur dómurinn því stefnanda hafa sannað að hann hafi ekki fengið, við kaupin í desember 2012, það borð sem skákir 7–21 voru tefldar á.

Stefndi ritaði grein í Morgunblaðið 10. maí 2012 og rekur þar sögu skákborðsins sem Gunnar Magnússon hannaði og ástæðu þess að ákveðið var að láta smíða tvær eftirlíkingar af því borði árið 1974. Þau borð hafi síðan verið boðin til sölu ásamt þeirri plötu sem notuð var í flestum skákum einvígisins. Er ástæða greinarskrifa stefnda, að því er hann segir, herferð gegn sér og rangindi er fram hafi verið höfð í frétt RÚV nokkrum dögum áður. Hvorki er minnst á um hvað fréttin hjá RÚV fjallaði né liggur fyrir um hvað hún snerist. Þann 13. maí 2012 birtist grein í Vikuspeglinum eftir Pétur Blöndal. Hefur hann eftir Ásdísi Bragadóttur, þá framkvæmdastjóra S.Í., að hennar skilningur hafi ætíð verið sá að taflborðið sem notað var í 7.–21. einvígisskákunum og líklega þeirri þriðju líka væri í vörslu Skáksambandsins. Þennan skilning staðfesti vitnið Ásdís fyrir dóminum.

Eins og rakið hefur verið heldur stefndi því fram að sú taflplata sem hann seldi stefnanda hafi verið sú plata sem skákir 7–21 voru tefldar á. Nú fyrir dóminum hefur verið sýnt fram á, svo hafið er yfir skynsamlegan vafa, að taflplatan sem stefnandi fékk afhenta frá stefnda er ekki sú sama og einvígið fór fram á.

Stefndi setti bæði borðið sem Gunnar Magnússon smíðaði fyrir einvígið svo og plötuna sem teflt var á á uppboð í Danmörku og bar ábyrgð á þeim upplýsingum sem í uppboðsskilmálum voru tilgreindar. Þá þegar höfðu farið fram skrif í fjölmiðlum um sannleiksgildi þess hvort taflborðið væri „originalinn“ eða ekki. Töldu sumir svo vera en aðrir ekki.

Um viðskipti stefnda og stefnanda giltu lög nr. 50/2000 um lausafjárkaup og byggir stefnandi á þeim. Í 1. mgr. 17. gr. laganna segir að söluhlutur skuli, hvað varðar tegund, magn, gæði, aðra eiginleika og innpökkun, fullnægja þeim kröfum sem leiði af samningi. Í b-lið 2. mgr. segir að ef annað leiði ekki af samningi skuli söluhlutur henta í ákveðnum tilgangi sem seljandi vissi eða mátti vita um þegar kaup voru gerð, nema leiða megi af atvikum að kaupandi hafi ekki byggt á sérþekkingu seljanda og mati hans eða hafi ekki haft sanngjarna ástæðu til þess og í c-lið segir að söluhlutur skuli hafa þá eiginleika til að bera sem seljandi hefur vísað til með því að leggja fram prufu eða líkan. Í 3. mgr. 17. gr. segir að söluhlutur teljist gallaður ef hann er ekki í samræmi við þær kröfur sem fram komi í 1. og 2. mgr. 17. gr.

Í 1. mgr. 18. gr. laganna segir að reglur um galla gildi einnig þegar söluhlutur svari ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur við markaðssetningu eða á annan hátt gefið um hlutinn, eiginleika hans eða notkun og ætla megi að hafi haft áhrif á kaupin. Þá segir í 2. mgr. að regla 1. mgr. 18. gr. gildi með sama hætti þegar söluhlutur svarar ekki til þeirra upplýsinga sem annar en seljandi hefur gefið á umbúðum hlutarins, í auglýsingum eða við aðra markaðssetningu á vegum seljanda eða fyrri söluaðila.

Í 1. mgr. 19. gr. laganna segir að þótt söluhlutur sé seldur „í því ástandi sem hann er“ eða með öðrum áþekkingum almennum fyrirvara teljist hann gallaður þegar: a) hluturinn svarar ekki til þeirra upplýsinga sem seljandi hefur gefið um hann, eiginleika hans eða not og ætla megi að þessi atriði hafi haft áhrif á það að kaup gerðust og b) seljandi hefur við kaupin vanrækt að gefa upplýsingar um atriði sem verulegu máli skipta varðandi hlutinn eða not hans og seljandi hlaut að þekkja til og kaupandi mátti ætla að hann fengi upplýsingar um, enda megi ætla að vanrækslan hafi haft áhrif á kaupin.

Í 1. mgr. 30. gr. laganna segir að ef söluhlutur reynist gallaður og gallinn sé hvorki sök kaupanda né stafi af aðstæðum sem hann varðar geti kaupandi skv. ákvæðum 31.–40. gr. krafist útbóta, nýrrar afhendingar, afsláttar, riftunar og skaðabóta ásamt því að halda eftir greiðslu kaupverðs skv. ákvæði 42. gr. laganna.

Í 33. gr. segir að þrátt fyrir ákvæði 31. og 32. gr. geti kaupandi borið fyrir sig galla hafi seljandi sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans er á annan hátt ekki í samræmi við heiðarleika og góða trú.

Í 1. mgr. 39. gr. laganna segir að kaupandi geti rift kaupum ef meta megi galla til verulegra vanefnda. Í 2. mgr. segir að kaupandi geti ekki rift kaupum, nema hann tilkynni seljanda um riftun án ástæðulauss dráttar frá því að hann fékk eða hefði átt að fá vitneskju

um gallann eða eftir að frestur sá sé útrunninn sem leitt geti af kröfu eða tilkynningu skv. ákvæðum 34. eða 36. gr. laganna. Þetta gildi þó ekki hafi seljandi sýnt af sér vítavert gáleysi eða framferði hans stríðir að öðru leyti gegn heiðarleika og góðri trú.

Stefndi fullyrti í tölvupósti 13. nóvember 2012 til stefnanda að hann væri að senda og selja stefnanda taflborðið sem skákir 7–21 voru tefldar á af Spassky og Fisher. Var það forsenda kaupanna hjá stefnanda.

Eins og rakið er að framan er útilokað að stefndi gæti fullyrt að svo væri, í ljósi þess að efasemdir höfðu verið í fjölmiðlum um taflborðið sem var á uppboði í Danmörku og stefndi hafði sjálfur tekið þátt í þeim.

Með vísan til 17. og 18. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup telur dómurinn sannað að sú taflplata sem stefndi seldi stefnanda sé gölluð í skilningi laganna og það að stefnanda var ekki afhent sú taflplata sem stefndi staðfesti að hann væri að afhenda.

Þá hefur stefnandi sýnt fram á að forsenda kaupanna hafi verið sú að einvígið hafi verið háð á umþrættu taflborði. Stefndi hefur ekki sýnt fram á að aðrir munir sem fylgdu kaupunum hafi verið forsenda kaupa stefnanda enda að miklu verðlausir.

Þá byggir stefnandi á 30., 33. og 36. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga.

Í 2. mgr. 30. gr. segir að hafi sá, sem tók við löggerningnum, sviksamlega skýrt rangt frá atvikum sem ætla mætti að skiptu máli um löggerninginn eða hann hefur sviksamlega þagað yfir slíkum atvikum skal líta svo á sem gerningurinn hafi verið gerður fyrir þau svik, nema það sannist að þessi atriði hafi engin áhrif haft um það að löggerningurinn var gerður.

Eins og rakið hefur verið vissi stefndi eða mátti vita að taflborð það er hann seldi stefnanda var ekki upprunaleg plata og ekki taflplatan sem skákir 7–21 voru tefldar á. Á það minntist stefndi ekki er hann átti í samningaviðræðum við stefnanda.

Eru skilyrði 30. gr. samningalaga því uppfyllt.

Í 33. gr. laganna segir að löggerning, sem ella myndi talinn gildur, geti sá maður er við honum tók eigi borið fyrir sig ef það yrði talið óheiðarlegt vegna atvika sem fyrir hendi voru þegar löggerningurinn kom til vitundar hans og ætla má að hann hafi haft vitneskju um.

Eins og rakið hefur verið vissi stefndi eða í öllu falli mátti vera ljóst að hann gat ekki fullyrt að taflplatan sem skákir 7–21 voru tefldar á væri sú plata sem hann var að afhenda stefnanda.

Eru skilyrði 33. gr. samningalaga því uppfyllt.

Þá segir í 1. mgr. 36. gr. að samningi megi víkja til hliðar í heild eða að hluta, eða breyta, ef það yrði talið ósanngjarnt eða andstætt góðri viðskiptavenju að bera hann fyrir sig. Í 2. mgr. 36. gr. segir að við mat á 1. mgr. ákvæðisins skuli líta til efnis samnings, stöðu samningsaðilja, atvika við samningsgerðina og atvika sem síðar hafi komið til.

Í ljósi þess að forsenda umþrættra viðskipta var að verið væri að selja upprunalegt taflborð sem teflt var á í einvígi Boris Spasskys og Bobby Fischers telur dómurinn að skilyrði 1. mgr. 36. gr. laga nr. 7/1936 séu uppfyllt og stefnanda heimilt að rifta samningnum en sannanlega er um vanefnd stefnda að ræða.

Þá verður að líta til þess að við samningsgerðina var stefndi í yfirburðastöðu við að meta áreiðanleika upplýsinga sem hann byggði yfirlýsingar sínar á. Þrátt fyrir að stefnandi sé vel kunnur skákheiminum býr hann erlendis og býr ekki við sömu aðstæður og stefndi til að kynna sér umfjöllun áratugi aftur í tímann um áreiðanleika og umfjallanir um taflborðið. Hallar þar á stefnda.

Eins og rakið er og með vísan til 17. og 18. gr. laga nr. 50/2000 um lausafjárkaup uppfyllir taflborðið, sem var forsenda kaupa stefnanda, skilyrði þess að teljast gallaður söluhlutur og svarar ekki til þeirra upplýsinga og eiginleika sem stefndi gaf stefnanda við samningsgerðina og afhendingu munanna.

Stefndi mótmælir kröfu stefnanda og kveður að um ógildingarkröfu sé að ræða en hún hafi ekki verið reifuð í héraði. Ljóst er að stefnandi krefst staðfestingar á riftun samnings aðila frá 12. nóvember 2012. Er þessari málsástæðu stefnda hafnað.

Í ljósi þessa og með vísan til 30. gr. laga nr. 50/2000 er krafa stefnanda um staðfestingu á riftun samnings aðila tekin til greina eins og greinir í dómkröfu A í stefnu.

Stefnandi krefst endurgreiðslu á kaupverðinu 189.980 USD auk vaxta frá því að kaupverðið var greitt.

Í b-lið 3. mgr. 40. gr. laga nr. 50/2000 segir að kaupandi geti krafist skaðabóta ef hlutur var ekki þegar við samningsgerð í samræmi við það sem heitið var af seljanda.

Eins og stefnandi byggir á eru réttaráhrif ógildingar samnings þau að gera verður stöðu aðila eins og samningurinn hefði aldrei verið gerður. Felur það í sér skil á verðmætum, auk þess sem stefnandi á, við þessar aðstæður, rétt til þess að krefja stefnda um þann kostnað sem hann hlaut af við að koma samningnum á.

Í ljósi þessa verður tekin til greina krafa stefnanda um að stefnda verði gert að greiða honum umkrafað fjárhæð eins og segir í dómsorði.

Með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefndi dæmdur til að greiða stefnda 2.600.000 krónur í málskostnað. Hefur þá ekki verið tekið tillit til virðisaukaskatts.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Staðfest er riftun á kaupsamningi stefnanda, Noah Siegel, og stefnda, Páls G. Jónssonar, dagsettum 12. nóvember 2012, um eitt skákborð, tvö hliðarborð, eitt sett af Staunton-taflmönnum, eina Garde-skákklukku og eitt áritað tréborð, sem beint var til stefnda með yfirlýsingu 27. janúar 2022.

Stefndi, Páll G. Jónsson, greiði stefnanda, Noah Siegel, 189.980 bandaríkjadollara (USD) ásamt vöxtum skv. 4. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 12. nóvember 2012 til 27. febrúar 2022, en með dráttarvöxtum af þeirri fjárhæð skv. 1. mgr. 6. gr. sömu laga frá þeim degi til greiðsludags, gegn skilum stefnanda á einu skákborði, tveimur hliðarborðum, einu setti af Staunton-taflmönnum, einni Garde-skákklukku og einu árituðu tréborði til stefnda.

Stefndi greiði stefnanda 2.600.000 krónur í málskostnað.